

## Krakkapaulinn með Ferðafélagi Akureyrar 2023

### Fuglaskoðunarhús við Tjarnartjörn í Svarfaðardal

Leiðin liggur inn í Svarfaðardal. Um tvær leiðir er að ræða; frá Húsabakka og frá Hánefsstaðareit. Lýsingin hér á eftir á við ef lagt er af stað frá Hánefsstaðareit í austanverðum Svarfaðardal.

Ekið er að bílastæði við skógarreitinn hjá Hánefsstöðum. Þaðan er gengið eftir skógarstíg gegnum skóginn niður að ánni að göngubrúnni yfir Svarfaðardalsá. Gaman er að fara yfir brúna en gæta þarf að börnum þar. Þegar komið er yfir brúna er gengið eftir göngustíg um votlendið í átt að Tjarnartjörn og er áhugavert að fylgjast með fuglalífinu í votlendi og tjörnum. Þegar komið er að vesturhorni Tjarnartjarnar er farið eftir stíg að fuglahúsinu.

Vegalengd báðar leiðir ca 2 km. Gönguhækkun er óveruleg.

Í fuglahúsinu eru myndir af fuglum sem þið ættuð að geta séð á tjörninni eða þar í kring.